

Allsherjar og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík, 14. maí 2024

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um námsstyrki, nr. 79/2003 (nemendur með alþjóðlega vernd).

Virðingarfyllst,
f.h. Rauða krossins á Íslandi



Kristín S. Hjálmtýsdóttir,
framkvæmdastjóri

UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um

frumvarp til laga um breytingu á lögum um námsstyrki, nr. 79/2003
(nemendur með alþjóðlega vernd)

154. löggjafarþing 2023–2024.
Þingskjal 1381 — 934. mál.
Stjórnarfrumvarp.

Rauði krossinn á Íslandi þakkar fyrir tækifærið sem hér gefst til umsagnar á framkomnu frumvarpi til laga um breytingu á lögum um námsstyrki fyrir nemendur með alþjóðlega vernd.

Rauði krossinn á Íslandi stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinnur að málefnum umsækjenda um alþjóðlega vernd og flóttafólks í samvinnu við stjórnvöld og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Rauði krossinn á Íslandi hefur sinnt umfangsmikilli þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd og við fólk með vernd m.a. á grundvelli samninga við stjórnvöld. Er eftirfarandi umsögn Rauða krossins fyrst og fremst mótuð af því hlutverki og hagsmunagæslu hreyfingarinnar fyrir viðkvæma hópa s.s. flóttafólk og farendur.

Rauði krossinn starfar ávallt samkvæmt grunngildum hreyfingarinnar um mannúð, óhlutdrægni og hlutleysi sem og stefnu Alþjóðahreyfingar Rauða krossins í málefnum sem tengjast flóttafólki, umsækjendum um alþjóðlega vernd og alþjóðlegum fólksflutningum.

Almennar athugasemdir um frumvarpið

Rauði krossinn fagnar framkomnu frumvarpi. Félagið telur þessa breytingu vera mjög til hagsbóta fyrir nemendur með alþjóðlega vernd og algerlega nauðsynlegt að nemendur með flóttabakgrunn fái að njóta þessara námsstyrkja. Ekki síst til að jafna aðstöðu flóttafólks sem sest að í dreifðari byggðum við þau sem setjast að á þéttbýlli svæðum þar sem styttra og ódýrara er að sækja t.d. framhaldsskóla.

Félagið hefur talað fyrir þessum breytingum í áraraðir. Bálg fjárhagsstaða margra nemenda með alþjóðlega vernd er eitt þeirra atriða sem kom fram í samantekt Rauða krossins um slakt aðgengi þessa hóps að námi. Vinsamlega sjá nánar hér: <https://www.raudikrossinn.is/um-okkur/frettir-og-utgefing-efni/> *Aðgengi flóttafólks að íslensku menntakerfi (2019).*

Lokaorð

Félagið lýsir sig reiðubúið til frekara samráðs eða ef spurningar vakna um umsögnina.